

Malbikstöðin ehf.
Flugumýri 26
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 10. febrúar 2022
UST202111-204/S.S.
08.08.01

Efni: Yfirfærsla starfsleyfis – Malbikstöðin ehf.

Vísað er til umsóknar Malbikstöðvarinnar ehf. kt. 700402-7890 og Malbikstöðvarinnar ehf. kt. 540504-4660, dagsett 7. desember 2021, sem barst stofnuninni þann 8. desember 2021, þar sem óskað var eftir því að færa starfsleyfi til reksturs einnar malbikunarstöðvar að Koparsléttu 6-8, Reykjavík, útgefið þann 3. júní 2020, af rekstraraðila Malbikstöðinni ehf. kt. 700402-7890, yfir á nýjan rekstraraðila Malbikstöðina ehf. kt. 540504-4660.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um yfirfærslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ekki er um að ræða breytingu á starfsleyfisskilyrðum. Öll réttindi og skyldur sem koma fram í starfsleyfinu færast með þessu til Malbikstöðvarinnar ehf. kt. 540504-4660. Athygli er vakin á því að starfsleyfið gildir til 3. júní 2036.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Malbikstöðinni ehf. kt. 540504-4660, skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, eða kr. 52.800.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ákvörðun þessi verður birt á vefsíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Elva Rakel Jónsdóttir
staðgengill forstjóra

Sigríður Skaftadóttir
lögfræðingur